

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Bandaríkjum Norður-Ameríku vegna hæsnapestar (Avian Influenza).

1. gr.

Með vísan til þess að upp hefur komið hæsnapest í Bandaríkjum Norður-Ameríku, en hæsnapest er skæður fuglasjúkdómur sem dreifst getur með milliríkjavíðskiptum, er sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Bandaríkjum Norður-Ameríku.

2. gr.

1. gr. á þó ekki við um afurðir fugla sem slátrað var fyrir 27. janúar 2004.

3. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsingin er tilkynnt í samræmi við tilskipun nr. 98/34/ESB um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 23. mars 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. febrúar 2004.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.